

Kristín Jónsdóttir

Kt. 011147-7719

Föstudagskvöld 13. nóvember 1987

Setning fimmta landsfundar í Gerðubergi 13. nóvember 1987

Ágætu fundarkonur. Fyrir hönd undirbúningshóps landsfundar býð ég ykkur velkomnar á þennan fimmta landsfund Kvinnalistsans.

Fyrir hönd okkar allra vil ég sérstaklega bjóða gest okkar, Önnu Guðrúnu Jónasdóttur lektor, velkomna hingað yfir hafið. Einnig bjóðum við þær Svanhildi og Guðrúnu Gestsdóttur velkomnar en þær ætla að spila fyrir okkur nokkur lög á píanó.

Hvergi finnur maður eins sterkt og á erlendri grundu að það sem við erum að gera í kvenfrelismálum þykja stórmerkileg tíðindi. Margar okkar hafa upplifað sambland af stolti og gleði þegar mætum sem fulltrúar kvinnalistsakvenna á erlendri grund. Þetta er ekki síst góð tilfinning í ljósi þess að hér heima fáum við oft að heyra að við séum tímaskekkja eða pólitískur sértrúarhópur eins og pólitískir andstæðingar kjósa að kalla okkur þessa dagana.

Þessa helgi vill svo til að fjórar kvinnalistsakonur eru að flytja fagnaðarerindið bæði í Bandaríkjunum og í Evrópu. Það var út frá umræðum um trúboð sem sú hugmynd kviknaði hjá undirbúningshópnum að fá hingað gest að utan. Fá konu sem gæti frætt okkur um helstu strauma og stefnur í kvennapólitík erlendis. Við leyfðum okkur að láta hugann reika vítt og breitt um heiminn í leit að konum. Nöfn eins og Helen Coldecott, Germain Greer, Susan Brugger, Merelyn French og fleiri komu upp í hugann. En aftur og aftur var staldrað við nafn Önnu Guðrúnar. Margar okkar höfðu hlustað á hið bráðskemmtilega og fræðandi erindi hennar á ráðstefnu í Odda sem bar heitið Um íslenskar kvinnarannsóknir og var haldin á vegum áhugahóps um íslenskar kvinnarannsóknir.

Anna Guðrún fjallaði í erindinu um orkukenningu sína. En kenningin gengur út á það að konur séu nautnalindir fyrir karla og karlar sögi til sín orku frá konum og umbreyti henni í þágu eigin markmiða.

Hún talaði um að samkvæmt ríkjandi samfélagsnormum eigi karlar rétt á ást kvenna, umhyggju og athygli. Þeir hafi frelsi til að taka eftir þörfum. Réttur kvenna sé hins vegar að gefa af sér. Og karlmenn sögi stöðugt til sín meira af lífsorku frá konum. Með þessu orkustreymi frá konum byggji karlar sig upp sem athafnasama þjóðfélagsþegna og noti þessa tilvistarorku meðal annars til að viðhalda og endurnýja yfirráðin yfir konum. Anna tók reyndar fram að hún hefði ennþá ekki gert neinar empírískar rannsóknir til að sanna þessa kenningu.

Anna Guðrún Jónasdóttir er lektor í stjórnmálafræði við Háskólann í Örebro. Hún kennir pólitískar teoríur, auk þess sem hún er með sérstaka kúrsa um konur og pólitík. Anna fer töluvert í fyrirlestraferðir erlendis og þó nokkrar greinar hafa birst eftir hana í fræðiritum. Hún er í ritstjórn Kvinnevetenskaplig tidskript. Anna er Akureyringur en hefur búið erlendis í 18 ár. Hún var í tvö ár á styrk hjá sænska atvinnu- og jafnréttismálaráðuneytinu við að vinna að rannsóknarefni

sínu um grundvallarkenningar um karlaveldi í nútímaþjóðfélögum þar sem formlegt jafnrétti ríkir.